

Nd.

302. Frumvarp til laga

[162. mál]

um fyrirhleðslu og lagfæringar á árfarvegum til að koma í veg fyrir landbrot.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Til að koma í veg fyrir landbrot af völdum fallvatna eða skemmdir á nytjalandi af ágangi vatns skulu gerðar fyrirhleðslur eða lagfærðir árfarvegir, samkvæmt úrskurði matsmanna, samkv. 3. gr. þessara laga.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af framkvæmdum samkvæmt 1. gr. að $\frac{7}{8}$ hlutum, en viðkomandi sýslufélag sér um greiðslur á $\frac{1}{8}$ hluta, er matsmenn deila síðan niður á viðkomandi aðila í hlutfalli við not þeirra af vörn gegn landbroti.

Ef ágreiningur verður á milli landeigenda og matsnefndar um skiptingu kostnaðar við það, sem framkvæmt hefur verið, skal sýslumaður tilnefna þrjá óvilhalla menn, sem skera úr um ágreiningsatriði, og skal sú niðurstaða vera bindandi fyrir alla aðila.

Ef ágreiningur verður á einhvern hátt um greiðslu á hluta landeigenda eða um framkvæmdir, skulu þær ekki hafnar eða stöðvaðar, ef matsnefnd sér ástæðu til. Framkvæmdum skal ekki haldið áfram, fyrr en samþykki vatnafélags um greiðslu og framhald framkvæmda liggur fyrir.

3. gr.

Matsnefnd skipa þrjú menn í hverju sýslufélagi. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af sýslunefnd sem fulltrúi landeiganda, en aðrir í nefndinni skulu vera formaður búnaðarsambands sýslunnar og jarðræktarráðunautur. Laun matsnefndar skulu ákveðin af sýslunefnd og greidd úr sýslusjóði.

4. gr.

Nú telur landeigandi, landeigendur eða vatnafélag, að nytjalönd viðkomandi aðila séu í yfirvofandi hættu af völdum landbrots eða af ágangi vatns, og skal hann þá óska þess skriflega, að matsnefnd viðkomandi héraðs kanni málið hið fyrsta.

5. gr.

Nú hefur matsnefnd borizt ósk frá jarðeiganda um úrskurð um, hvort nytjalönd hans séu í yfirvofandi hættu vegna landbrots eða af ágangi vatns, og skal þá matsnefndin hefja rannsókn sína svo fljótt sem tök eru á.

Að rannsókn lokinni semur hún álitserð um málið, þar sem metið er, hve mikið yfirvofandi tjón sé, og einnig tilgreint, hvað gera skuli, og röðun framkvæmda ásamt kostnaðaráætlun um framkvæmd verksins.

Úrskurður nefndar skal síðan sendur landbúnaðarráðuneytinu og afrit til allra jarðeigenda, sem hlut eiga að máli hverju sinni. Matsnefnd getur kvatt sérfræðinga sér til ráðuneytis, ef þurfa þykir.

6. gr.

Nú telur matsnefnd, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal þá leitað eftir heimild landbúnaðarráðuneytis til að hefja framkvæmdir, strax og aðstæður leyfa. Telji matsnefnd hins vegar, að verkið megi dragast til næsta sumars, skal úrskurður matsnefndar sendur til landbúnaðarráðuneytis, er sér um, að nauðsynleg fjárveiting fáist á næsta ári til verksins.

7. gr.

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt þeim fjárveitingum, sem liggja fyrir hverju sinni, og samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 5. gr. Bætur fyrir landsspjöll vegna framkvæmda eða spjöll, sem af þeim kann að leiða, t. d. bætur, ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið og greiða samkvæmt úrskurði matsnefndar.

8. gr.

Nú telur matsnefnd, að engin ástæða sé til aðgerða, og er þá heimilt að innheimta hjá þeim, aðila, er óskaði matsins, allan þann kostnað, sem af því hefur leitt. Við stærri mannvirki, þar sem úrskurður matsnefndar leiðir til mannvirkja-gerðar samkvæmt lögum þessum, er heimilt að telja matsgerðina með í kostnaði við framkvæmd verksins.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1969 var framvarp þetta flutt í líku formi og það er nú. Voru skiptar skoðanir um sum ákvæði þess, og olli það því, að það hlaut þá ekki afgreiðslu. Fram hefur komið vaxandi áhugi á því, að mál þetta sé upp tekið á ný og þess freistað að fá það lögfest, þar sem landbrot af völdum fallvatna er vaxandi vandamál, sem þarf að taka fastari og ákveðnari tökum en verið hefur.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá fyrri flutningi þess, eftir ábendingu Jóns Birgis Jónssonar verkfræðings.

Með frumvarpinu 1969 fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Árið 1932 voru samþykkt lög um fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Þessi löggjöf mun hafa átt að þjóna tvennum tilgangi: bæta samgöngur og verja nytjalönd fyrir skemmdum af ágangi vatns á þessu svæði.

Árið 1945 voru samþykkt lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum. 1. gr. þeirra laga hefst þannig: „Til þess að varna yfirvofandi stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum vestan vatna skulu gerðar fyrirhleðslur“ o. s. frv. Á þeim 24 árum, sem liðin eru síðan þessi löggjöf var sett, hefur orðið mikil breyting í ræktun og tækni hér á landi. Ræktunin hefur margfaldast og færzt meira en áður niður á láglendið, eftir að hinar stórvirku skurðgröfur hófu þurrkun þess um allt land. Viða eru sléttir bakkar meðfram fallvötnum. Hafa þeir orðið mikils virði sem slægjulönd, fyrst sem áveitusvæði, en síðari árin hefur verið borinn tilbúinn áburður á þá með mjög góðum árangri, svo að uppskerumagnið hefur orðið lítið eða ekkert minna en af þeim svæðum, sem brotin hafa verið og sáð í. Í örum leysingum verða oft miklar skemmdir á þessum löndum, sem hægt væri að koma í veg fyrir í flestum tilfellum með þeirri tækni, sem við höfum nú yfir að ráða.

Viða hafa átt sér stað stórkostleg landbrot á liðnum áratugum, sem kunnáttumenn á þessu sviði telja að auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir, ef framkvæmdir hefðu verið gerðar í tæka tíð, t. d. með því að laga til árfarvegi.

Þó að engin löggjöf sé til nema bundin við þær takmörkuðu aðgerðir, sem að framan greinir, þá hefur verið veitt fé á fjárlögum til varnaraðgerða að þessu leyti

á öðrum stöðum á landinu. Stuðningur ríkisins við þær framkvæmdir hefur verið miðaður við ákvæði áðurgreindra laga.

En það, sem hefur hindrað skynsamlega framkvæmd og samræmdar aðgerðir í þessu efni, eru ákvæði í vatnalögunum, en sú löggjöf er frá árinu 1923 og er því að mörgu leyti úrelt miðað við nútíma aðstæður. Þar eru t. d. ákvæði, sem valda því, að einn landeigandi getur hindrað sjálfsagðar og eðlilegar framkvæmdir í langan tíma, þó að það hafi mikla eyðileggingu í för með sér á nytjalöndum annarra. Það sýnist því vera kominn tími til að setja löggjöf um þetta efni, sem sniðin er eftir þörf og kröfu okkar tíma og hvetur til virkrar varðstöðu um verndun gróðurlendis í byggð, ekki síður en á afréttarlöndum. Við höfum viðurkennt það í verki hin síðari ár, að þjóðinni beri að koma í veg fyrir uppblástur gróðurlendis, og nú er mikil hreyfing í landinu til að vinna að því, ekki sízt meðal ungmennafélaga, og þeirri hreyfingu ber vissulega að fagna. En það má ekki horfa á það aðgerðarlaust heldur, að fallvötn brjóti niður land í stórum stíl, og því mjög brýnt að setja löggjöf, sem hvetur og auðveldar framkvæmd í því efni. Því er þetta frumvarp fram horið.

Nú ættu ekki að vera nein vandkvæði á því að hindra landbrot með því að nota hinar stórvirku vinnuvélar til verksins.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra sérstaklega hinar einstöku greinar frumvarpsins, þær skýra sig sjálfar. Frumvarpið hefur verið samið að miklu leyti með hliðsjón af þeim frumvörpum, er getið var um hér að framan, t. d. sama greiðsluhlutfall á milli ríkis og landeigenda.

Að öðru leyti verður málið nánar skýrt í framsögu.“